

Mál nr. 283/2009

M
og
Vátryggingafélagið V-1 v. starfsábyrgðartryggingar lögmansins L
og
Vátryggingafélagið V-2 v ábyrgðartryggingar birfreidarinnar A

Krafa um greiðslu úr starfsábyrgðartryggingu lögmans vegna slyss þ. 30.1.2000.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 11.8.2009 ásamt fylgiskjöllum 1-18
2. Bréf V-1 dags. 19. ágúst 2009.
3. Bréf V-2 dags. 26. ágúst 2009.

Málsatvik.

Af hálfu M er því haldið fram að M hafi orðið fyrir umferðarslysi þ.30.janúar árið 2000 og leitaði til heimilislæknis síns daginn eftir slysið og aftur nokkru síðar. Þá leitaði M til sérfræðings í bæklunarlækningum í apríl 2001. Í ágúst 2001 fól M lögmanninum L að gæta hagsmuna sinna vegna tjónsins og segir M að L hafi ekkert aðhafst í málinu utan þess að kalla eftir læknisvottorði frá heimilslækni sem dagsett sé þ. 3.11.2001. M afturkallaði umboð sitt til L 28.desember 2006 og leitaði til annars lögmans. Þá fór M í skoðanir hjá læknum og beðið var um mat fyrir hann í desember 2007. Í matsgerðinni kemur fram að varanlegur miski og varanleg örorka M eru metin 15% og stöðugleikapunktur metinn þremur mánuðum frá slysi eða þann 30.apríl 2000. Vátryggingafélag birfreidarinnar sem bar ábyrgð á slysinu hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að málið væri fyrnt sbr 99. gr umferðarlaga og hefði verið fyrnt í árslok 2004 og alla vega í síðasta lagi í árslok 2006. Lögmaður M krafðist þá bóta úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1 en V-1 hafnaði bótakröfu M. Þá gerir lögmaður M einnig kröfu á hendur V-2 um greiðslu bóta þar sem bótakrafa M sé ekki fyrnd og vísar í því sambandi til þess að bæklunarlæknir sá sem M leitaði til árið 2007 hafi þá talið tímabært að meta afleiðingar slyss M auk ýmissa annarra gagna og sjónarmiða. V-1 hafnar greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu L og telur M ekki geta átt bótakröfu á L nema krafa hans hafi verið fyrnd þegar hann afturkallaði umboð sitt til L þ. 28.12.2006 og telur V-1 ósannað að krafa M skv umferðarlögum hafi fyrnst á þeim tíma sem L hafði umboð til að vinna í því og bótaréttur gagnvart honum því ekki fyrir hendi. V-2 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar til sjúkrasögu M og þess að M hafi veitt L umboð þ. 23.8.2001 til að annast um bótamál sitt en í umboðinu hafi falist heimild til að kalla eftir læknisvottorðum, undirrita örorkumatsbeiðni svo og veita viðtöku fé. V-2 segir að þannig liggi fyrir í gögnum málsins að M hafi talið nauðsynlegt að leita liðsinnis lögmans m.a. til að undirbúa örorkumat og veita viðtöku fé vegna bótamáls gagnvart V-2. Þá segir V-2 að L haf tilnefnt ákveðinn nafngreindan lækni í fyrirhugað örorkumat og hafi V-2 samþykkt það og tilnefnt annan nafngreindan lækni sem sinn matsmann í málinu. Síðar virðist fátt eða ekkert hafa gerst í málinu heldur V-2 fram þar til á árinu 2007 en þá hafi nýr lögmaður verið kominn að málinu. V-2 telur einsýnt að M hafi þegar á árinu 2001 eða í síðasta lagi á árinu 2002 haft vitneskju um kröfu sína. Þá andmælir V-2 sjónarmiðum og málsástæðum lögmans M og telur einsýnt að bótakrafa hans sé fyrnd.

Álit.

M varð fyrir slysi þ.30 janúar árið 2000 og leitar fljótlega til heimilislæknis síns og síðan til sérfræðings í bæklunarlækningum í apríl árið 2001 og leitar síðan til L í ágúst það sama ár. Miðað við orðalag umboðs M til L verður ekki annað ráðið en að M hafi gert sér grein fyrir að hann hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna umferðarslyssins. Þannig segir í umboðinu til L að M veiti L fullt umboð til að annast bótamál sitt gagnvart V-2. Þá liggur fyrir miðað við staðhæfingar V-2 sem ekki hefur verið mótmælt að L tilnefndi ákveðinn lækni í fyrirhugað örorkumat og V-2 annan af sinni hálfu haustið 2002. Ekki liggur fyrir hvað gerðist síðan og L hefur ekki gert neina grein fyrir málinu af sinni hálfu. Þar sem að M leitaði til lögmanns árið 2001 og tilnefndir voru lækna í tveggja lækna mat af hálfu M og V-2 árið 2002 þá verður ekki annað séð en að M hafi verið kunnugt um kröfu sína þegar hann veitti L umboð til að annast um bótamál fyrir sína hönd á árinu 2001 en í síðasta lagi árið 2002 og því krafa hans gagnvart V-2 fyrnst í síðasta lagi í árslok 2006.

L tók að sér að gæta hagsmuna M sem sérfræðingur og ber ábyrgð sem slíkur. L þykir ekki hafa rekið mál M með eðlilegum hætti og valdið M tjóni með því að koma ekki í veg fyrir að bótakrafa M fyrntist gagnvart V-2. M á því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V-1

Reykjavík 29.9. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.